



**Hjalti Már Þórisson**

röntgenlæknir

[hjaltimt@landspitali.is](mailto:hjaltimt@landspitali.is)

ÚR PENNA STJÓRNARMANNA LÍ

# Heilsueflingarstyrkur FOSL

Á aðalfundi Læknafélags Íslands var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 19. og 20. október 2017, samþykkir að stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna (FOSL) sé reglulega heimilt að greiða sjóðsfélögum heilsueflingarstyrk úr sjóðum FOSL ef peningalegar eignir sjóðsins eru hærri en sem nemur þrisvar sinnum árlegum rekstrargjöldum sjóðsins. Hver útgreiðsla má þó aldrei vera samtals hærri en svo að eftir verði í sjóðnum peningaleg eign sem nemur tvisvar sinnum árlegum rekstrargjöldum sjóðsins.

Heilsueflingarstyrkur FOSL til hvers sjóðsfélaga skal hverju sinni taka mið af innborgunum af launum hans í sjóðinn árið á undan greiðslu styrksins. Heilsueflingarstyrkur FOSL skal aldrei nema lægri fjárhæð en 5.000 kr. Lægri greiðslur falla því niður. Sjóðfélagar standa sjálfir straum af skattgreiðslum af heilsueflingarstyrknum.“

Fjölskyldu- og styrktarsjóður lækna (FOSL) hefur verið til í um 20 ár. Hann var settur á laggirnar til að bæta upp skerðingu á fæðingarorlofi sem hafði þá nýlega verið lögfest. Um er að ræða framlag frá opinberum launagreiðanda sem nemur 0,41% af launum hvers starfsmanns og er það lagt til sjóðsins þegar laun eru greidd út en kemur ekki fram á launaseðlinum (þar sem þetta er framlag launagreiðanda en ekki dregið af launþega). En nákvæmlega hvað þessir peningar eiga að fara í er ekki nánar skilgreint. Reyndar er það algerlega á forræði stjórnar FOSL að ákveða hvernig þessum fjármunum skuli ráðstafað. Þetta hefur gert það að verkum að það er mjög misjafnt milli stéttarféлага hvernig sambærilegir sjóðir eru nýttir. Sum félög greiða út líkamsræktarstyrki. Önnur félög greiða gleraugnakostnað og svo framvegis. Við sem sitjum í stjórn FOSL höfum oft fengið spurningar um þetta. Hvernig standi á því að ekki séu veittir hinir eða þessir styrkir sem félagsmönnum í öðrum stéttarfélögum standi til boða. Við sem sitjum í stjórn FOSL höfum viljað skilgreina hlutverk sjóðsins nokkuð þröngt og lítum á sjóðinn sem félagslegan jöfnunarsjóð. Við lítum svo á að hlutverk FOSL sé aðallega að styðja við bakið á barnafólki innan stéttarinnar (sem var eina hlutverk sjóðsins í upphafi), að styðja við bakið á læknum sem lenda í veikindum og verða fyrir tekjumissi sökum þess (með veikindastyrkjum) og að styðja við bakið á fjölskyldum þeirra lækna sem falla óvænt frá (með útfararstyrk). Fyrir þá sem vilja kynna sér nánar reglur FOSL um úthlutunir þá eru þær aðgengilegar á vef Læknafélagsins, [lis.is](http://lis.is)

Stjórn FOSL hefur ekki viljað taka upp greiðslur vegna líkamsræktarkorta, gleraugnakaupa eða þessháttar þar sem okkur finnst

við þá vera komin of langt frá upphaflegum tilgangi sjóðsins auk þess sem því fylgir ýmislegt umstang sem erfitt er að réttlæta. Einnig fylgir því ákveðin mismunun milli sjóðfélaga þar sem ýmislegt í persónulegum högum fólks getur gert það að verkum að viðkomandi getur ekki nýtt sér slíka sértæka styrki. Það var því samþykkt á fundi hjá stjórn FOSL að leggja ofangreinda ályktun fyrir aðalfund. Ályktunin var einnig rædd í stjórn Læknafélagsins og hlaut góðar undirtektir þar. Því er vonandi hægt að segja að þessi ráðstöfun hafi verið kynnt rækilega.

Nú verður sem sagt hægt að greiða félögum út úr FOSL ef útgjöld eru minni en innkoman hverju sinni. Við köllum þetta heilsueflingarstyrk og hvetjum sjóðfélaga til að nýta þessar fjármuni til heilsueflingar en skiptum okkur ekki af því hverskonar heilsueflingu félagar kjósa að stunda. Enda ætti læknum að vera treystandi til að ákveða slíkt sjálfir.



## Stjórn LÍ

Reynir Arngrímsson *formaður*

Agnar H. Andrésson

Björn Gunnarsson *gjaldkeri*

Hjalti Már Þórisson

Jóhanna Ósk Jensdóttir

Magdalena Ásgeirsdóttir *ritari*

María Gottfreðsdóttir

Ólafur Ó. Guðmundsson

Í pistlumum *Úr penna stjórnarmanna LÍ* birta þeir sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.